

3. desember 2019

Hagur veiða og vinnslu 2018

Profitability in fishing and fish processing 2018

Samantekt Hagnaður fyrirtækja í fiskveiðum og fiskvinnslu fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs hækkaði milli ára 2017 og 2018. Frá árinu 2017 hækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 21,2% í 25,2%, það lækkaði í fiskveiðum úr 18,1% árið 2017 í 18,0% af tekjum árið 2018 en hækkaði í fiskvinnslu úr 10,6% í 14,8%.

Hreinn hagnaður (EBT) þessara fyrirtækja, samkvæmt árgreiðsluáðferð, nam 12,2% árið 2018 samanborið við 7,1% árið áður. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 26,9 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 28,6 milljarðar. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð er niðurstaðan 11,5% hagnaður 2018 eða 25,4 milljarðar, samanborið við 6,9% hagnað árið 2017 og 13,4 milljarða króna afgang.

Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur í fiskveiðum og útflutningsverðmæti á sjávarafurðum. Úrvinnsla Hagstofu Íslands á þessum gögnum er með sama hætti og tíðkast hefur um langt árabil og er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Geta því niðurstöðurnar að einhverju leyti vikið frá niðurstöðu úr rekstrarframtölum fyrirtækja. Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti þessi nálgun orðið til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu og er í heildarniðurstöðum. Það þarf þó ekki að vera þannig þar sem fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu eru oft smærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin af þessu á niðurstöður eru líklega ekki mikil, enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með um það bil 86% af veltu greinarinnar.

Eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefur verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem aflað var frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun en rækjuvinnsla telst til frystingar en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.



Í heftinu er birt yfirlit um rekstur ársins 2018 sem eru færð upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2012–2018. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 618 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2018 auk dreifingar eiginfjárlutfalls í sjávarútvegi 2017–2018. Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí–ágúst fiskveiðiárið 2018 voru veiddar á handfæri um 9.800 lestir af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Rekstraryfirlitið sýnir 445 báta sem stunda aðallega strandveiðar en einhverjir þeirra stunda strandveiðar með öðrum veiðum árið 2018 sem fyrr. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum. Í fyrsta sinn núna er birt rekstraryfirlit báta >10-30 brúttótonn í töflu 12 og er rekstraryfirlitið dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta >10-200 brúttótonn. Bátar >10-30 brúttótonn eru 194 en bátar >30-200 brúttótonn eru 54. Tafla 11 er ekki birt að þessu sinni þar sem uppsjávarfrystiskip sem frystu meira en 50% af uppsjávarafla voru bara 2 þetta árið og ársreikningur skipa fyrir minna en 3 skip í úrtaki er ekki birtur.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja sem fylgja skattframtölum rekstraradila en þær nægja ekki þegar aðgreina þarf rekstur veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni.

Niðurstöður

EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu var árið 2018 25,2% af tekjum

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins jókst milli árana 2017 og 2018. Í fiskveiðum og -vinnslu hækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 21,2% í 25,2% og. Í fiskveiðum stóð hún svo til í stað, fór úr 18,1% árið 2017 í 18,0% árið 2018 og í fiskvinnslu hækkaði hún úr 10,6% í 14,8%. Í fjárhæðum fór hlutdeildin (EBITDA) í sjávarútvegi alls úr 40 milljörðum í rúma 55 milljarða.

Hagnaður botnfiskveiða 6,4% og botnfiskvinnslu 12,6% af tekjum

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og -vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluaðferð, hækkaði úr 9,4% af tekjum árið 2017 í 13,9% árið 2018. Hreinn hagnaður botnfiskveiða hækkaði úr 3,9% af tekjum í 6,4% en hagnaður botnfiskvinnslu hækkaði úr 9,1% af tekjum í 12,6%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og bræðslu fór úr 3,7% í 7,6%. Í heild var hreinn hagnaður sjávarútvegsins 12,2% af tekjum að frádregnum milliviðskiptum með hráefni en var 7,1% árið 2017. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 26,9 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 28,6 milljarðar. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að frádregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum í íslenskum krónum hækkaði um 7,2% frá fyrra ári og verð á olíu hækkaði að meðaltali um rúm 30% á milli ára. Gengi USD styrktist um 1,5% og gengi EUR um 6% á milli ára. Útflutningsverðmæti sjávarútvegs í heild jókst um tæp 22%, og nam tæpum 238 milljörðum króna á árinu 2018, verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi hækkaði um 9% og magn útfluttra sjávarafurða jókst um 11,6%. Fjöldi starfandi í aðalstarfi í sjávarútvegi árið 2018 er 8.100 eða 4% af heildarfjölda starfandi. Veiðigjald útgerðarinnar hækkaði úr 4,6 milljörðum fiskveiðiárið 2016/2017 í 11,2 milljarða fiskveiðiárið 2017/2018. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði. Ný lög um veiðigjöld tóku gildi frá upphafi árs 2019.

EBITDA uppsjávarveiðiskipa var 19% af tekjum og mjöl- og lýsisvinnslu 17,7%

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu á árinu 2018. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 17,7%. EBITDA uppsjávarveiðiskipa var 19%. Ferskfiskvinnsla jókst um 9% að verðmæti, verg hlutdeild fjármagns var 10,6% og hreinn hagnaður 5,2%

EBITDA strandveiða var 17,6% og smábáta í heild 18,9%

Afkoma smábáta batnaði frá árinu 2017. Alls voru 773 smábátar að veiðum og öfluðu tæplega 23 þúsund tonna að verðmæti rúmlega 4,8 milljarða. Af þessum 773 smábátum voru 445 bátar, flestir minni en 10 brúttótonn, við strandveiðar á árinu 2018. Afli þeirra var um 9.800 tonn og aflaverðmætið tæplega 2,2 milljarðar. EBITDA strandveiðanna árið 2018 var 17,6%. EBITDA annarra báta undir 10 tonnum á almennum veiðum var 19,9%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 brúttótonnum.

Óverulegur munur er á afkomu sjávarútvegsins í heild árið 2018 þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluaðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður var 12,2% skv. árgreiðsluaðferðinni en var 11,5% skv. hefðbundnu aðferðinni. Munurinn ef einhver er, stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferðin er notuð og er hún því hentugri ef litið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er fólgin í árgreiðsluaðferðinni gjaldfærsla sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Í hefðbundnu uppgjöri er vaxtakostnaður gjaldfærður eins og hann varð af lánsfé, en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé. Taka skal fram að óreglulegar tekjur og gjöld hafa í gegnum tíðina ekki verið tekin með inn í hagnað eða tap fyrirtækjanna fyrir tekjuskatt, enda þótt það ætti skv. skattalegum reglum að gera það. Þar sem ársreikningar í úrtaki eru uppfærðir til heildar getur uppfærslan orðið misvísandi.

Hjá strandveiðibátum og einnig smábátum sýnir árgreiðsluaðferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá váttryggingarverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há.

EBITDA strandveiða var 17,6% og smábáta í heild 18,9%

Úr flokknum bátar 10-200 bt. var tekið úrtak báta 10-30 bt. Alls 194 bátar reyndust vera undir 30 bt. og 54 bátar yfir 30 bt. Í flokknum alls, var EBITDA 15% eða 3,2 milljarðar. Bátar undir 30 tonnum voru með 14% EBITDA eða rúma 2 milljarða og bátar yfir 30 tonnum voru með 17% EBITDA eða 1,2 milljarða.

Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2018 er hún innifalin í frystingu vinnslunnar.

Eigið fé sjávarútvegs í árslok 2018 var tæpir 297 milljarðar, eignir 709 milljarðar og skuldir 412 milljarðar

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2018 rúmar 709 milljarðar króna, heildarskuldir rúmir 412 milljarðar og eigið fé tæpir 297 milljarðar. Hagstofan fékk upplýsingar frá endurskoðendum um tilfærslur á milli fastafjármuna og eiginfjár vegna mats á eiginfjárlutdeild í eigin fé annarra sjávarútvegsfyrirtækja, en þær námu rúmum 22,9 milljörðum og eru taldar með í niðurstöðunum. Verðmæti heildareigna hækkaði um 10,2% frá 2017 og fjárfestingar í varanlegum eignum lækkuðu um 3,5%. Skuldir hækkuðu um 10%. Eiginfjárlutfallið reyndist 41,9% en var 41,8% í árslok 2017. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2017 og 2018.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrri ár á vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is.

English summary

Statistics Iceland has compiled and analyzed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2018 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing total increased between 2017 and 2018 or from 7.1% to 12.2% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species increased from the year before or from 9.4% of revenue to 13.9%. Net profit of fishing of demersal species increased from 3.9% to 6.4% and net profit of processing of demersal species increased from 9.1% to 12.6%. There were also an increase in net profit in fishing and processing of fishmeal and fishoil from 3,7% to 7,6%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are ISK 709 billion, liabilities are worth of ISK 412 billion and equity nearly ISK 297 billion.

Comparable time series for previous years are available on the web site of Statistics Iceland, www.statice.is.

Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluáðferð og 6% ávöxtunTable 1. *Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return*

Hlutfall af tekjum	Percent of revenue	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
1.	Sjávarútvegur í heild^{1,2}	21,5	18,2	15,1	17,8	14,4	7,1	12,2
1.1	Veiðar og vinnsla botnfisks²							
	<i>Fishing and fish processing of demersal species²</i>	21,4	17,4	18,5	21,2	18,4	9,4	13,9
1.1.1	Botnfiskveiðar	15,2	10,3	12,8	18,2	14,0	3,9	6,4
	<i>Fishing of demersal species</i>							
	Bátar	14,3	7,9	12,7	19,5	12,8	3,1	2,5
	Togarar	16,8	10,7	11,2	22,4	15,3	2,4	2,3
	Frystiskip	16,2	12,7	13,6	14,1	15,0	6,0	14,7
1.1.2	Botnfiskvinnsla	16,1	14,7	13,2	10,3	10,1	9,1	12,6
	<i>Processing of demersal species</i>							
	Frysting	18,7	16,0	17,6	14,5	13,9	12,8	13,7
	Söltun	10,2	11,2	3,3	1,6	1,5	-0,3	10,1
1.2	Veiðar og vinnsla rækju²	-	-	-	-	-	-	-
	<i>Fishing and processing of shrimp²</i>							
1.3	Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla²							
	<i>Fishing and processing of pelagic fish²</i>	36,1	25,2	5,6	15,6	12,4	3,7	7,6

¹ Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. *Included here are fishing and processing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.*

² Miðað er við tekjur greinanna alls að fráregnum milliviðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2018

Table 2. Operating accounts of fishing 2018

Milljónir króna Million ISK	Bátar undir 10 b.t. Boats less than 10 GT	Bátar 10–200 b.t. Boats 10–200 GT	Bátar >200 b.t. Boats over 200 GT	Uppsjávar- veiðiskip Pelagic vessels	Ísfisk- togarar Fresh fish trawlers	Frysti- Togarar Freezer Trawlers
1. Tekjur alls Operating revenues	133.635	5.292	21.499	27.362	20.914	29.818
1.1 Seldur afli Catches	37.315	0	112	4.534	174	27.832
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	90.623	4.838	20.571	22.430	19.197	1.041
1.3 Aðrar tekjur Other income	5.697	454	816	397	1.543	945
2. Gjöld alls Operating expenses	109.629	4.292	18.276	24.331	16.942	23.244
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	34.097	948	4.917	7.169	4.905	8.986
2.2 Önnur laun Other wages	6.064	27	1.705	1.750	120	1.223
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	7.943	185	1.361	1.794	957	1.860
2.4 Olíur Oil	11.417	276	1.119	1.425	3.007	2.723
2.5 Veiðarfæri Fishing gear	4.665	131	807	417	1.950	695
2.6 Viðhald Maintenance and repair	9.050	466	1.008	2.064	1.388	2.226
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	1.005	–	–	–	–	1.005
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	1.542	285	395	274	12	427
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	1.444	1	101	246	189	589
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	2.556	507	941	559	305	26
2.11 Tryggingar Insurance	1.028	35	143	183	140	199
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	2.304	1	180	591	29	696
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	9.856	2	979	1.606	1.438	1.824
2.14 Önnur gjöld Other expenses	16.658	1.430	4.619	6.254	2.502	766
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)	24.006	1.000	3.223	3.030	3.971	6.574
Share of capital, gross						
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	18,0	18,9	15,0	11,1	19,0	22,0
4. Afskriftir Depreciation	7.233	516	872	1.255	1.975	1.171
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	-6.891	-283	-2.705	-2.232	-937	66
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	9.882	201	-354	-456	1.060	5.469
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	7,4	3,8	-1,6	-1,7	5,1	18,3
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	19.675	1.064	1.526	3.309	5.826	2.409
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	4.331	-64	1.696	-278	-1.854	4.165
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	3,2	-1,2	7,9	-1,0	-8,9	14,0

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2018 (frh.)
Table 2. Operating accounts of fishing 2018 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Bátar		Bátar	Bátar	Uppsjávar-	Ísfisk-	Frysti-
	undir 10 b.t.	10–200 b.t.	Bátar	>200 b.t.	veidiskip	togarar	togarar
	<i>Boats</i>	<i>Boats</i>	<i>Boats</i>	<i>Boats</i>	<i>Pelagic</i>	<i>Fresh fish</i>	<i>Freezer</i>
	Alls	less than	10–200	Boats over	<i>Pelagic</i>	<i>Fresh fish</i>	<i>Freezer</i>
	<i>Total</i>	<i>10 GT</i>	<i>GT</i>	<i>200 GT</i>	<i>vessels</i>	<i>trawlers</i>	<i>trawlers</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>							
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	1.145	773	248	60	19	31	14
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	891	6	65	460	2.542	1.156	2.001
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	33	8	18	25	66	46	60
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	1.519	129	336	480	4.549	1.590	3.417
Meðalsmíðaðár <i>Fleet – building year</i>	1998	1991	1999	2017	2000	1994	1990
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	164.850	8.913	12.789	27.723	48.810	46.430	20.183
Afli (þúsund tonn) <i>Volume (thousand tonnes)</i>	1.258,6	22,5	104,0	131,7	649,4	160,4	190,5
Þorskur <i>Cod</i>	275,0	16,9	62,4	74,6	0,0	90,1	30,9
Ýsa <i>Haddock</i>	48,5	0,9	14,0	15,7	0,0	11,1	6,8
Ufsi <i>Saithe</i>	66,3	1,0	1,2	9,0	0,1	25,2	29,7
Karfi <i>Redfish</i>	59,1	0,1	0,7	5,6	0,0	25,1	27,6
Humar <i>Lobster</i>	0,7	–	0,0	0,5	–	0,2	–
Rækja <i>Shrimp</i>	4,5	–	0,6	2,6	–	1,3	–
Síld <i>Herring</i>	40,5	–	–	–	35,4	–	5,0
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	83,4	–	–	–	70,1	–	13,4
Loðna <i>Capelin</i>	186,3	–	–	–	165,8	–	20,5
Kolmunni <i>Blue withing</i>	292,9	–	–	–	263,6	0,0	29,4
Makríll	135,6	0,5	3,3	0,0	114,0	–	17,7
Annað <i>Other</i>	65,8	3,1	21,8	23,7	0,4	7,4	9,4
Verðmæti (milljónir kr.) <i>Value (million ISK)</i>	127.937	4.838	20.683	26.964	19.370	27.208	28.874
Þorskur <i>Cod</i>	57.445	3.887	13.702	15.002	1	16.090	8.764
Ýsa <i>Haddock</i>	10.589	208	3.251	3.125	0	1.993	2.012
Ufsi <i>Saithe</i>	7.947	67	100	791	1	2.431	4.558
Karfi <i>Redfish</i>	10.427	20	127	882	1	4.083	5.314
Humar <i>Lobster</i>	568	-	35	385	-	147	-
Rækja <i>Shrimp</i>	1.489	-	190	876	-	423	-
Síld <i>Herring</i>	1.362	-	-	-	1.113	-	249
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	3.279	-	-	-	2.292	-	986
Loðna <i>Capelin</i>	5.892	-	-	-	5.036	-	856
Kolmunni <i>Blue withing</i>	6.366	-	-	-	5.757	-	610
Makríll <i>Mackerel</i>	7.507	36	221	0	5.162	-	2.088
Annað <i>Other</i>	15.067	620,5	3.057	5.904	9	2.041	3.436

Skýringar Notes: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað upp þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeildar sem eru með í úrtakinu eru 82% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 91% af tekjum báta 10-200 brúttótonnu, 71% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 94% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 83% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 88% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla. These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 82%; boats 10-200 GRT 91%; boats over 200 GRT 71%; pelagic vessels 94%; fresh fish trawlers 83% and freezer trawlers 100% or 88% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.

Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2018

Table 3. Operating accounts of fish processing 2018

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Frysting og rækjuvinnsla	Söltun og hersla	Mjöl- vinnsla <i>Fish meal and fishoil</i>	Ferskfisk vinnsla <i>Fresh fish processing</i>	
	Samtals <i>Total</i>	<i>Freezing and shrimp prod.</i>	<i>Salting and drying</i>		
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	213.470	87.540	34.677	32.480	58.772
1.1 Útflutningstekjur <i>Export production</i>	182.647	73.775	32.585	31.954	44.332
1.2. Innanlandssala afurða <i>Domestic sale of products</i>	28.406	12.878	2.043	371	13.115
1.3. Seldur afli - Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	1.146	295	-58	-	909
1.4. Aðrar tekjur <i>Other income</i>	1.271	593	107	154	417
2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i>	143.933	55.649	23.850	23.389	41.045
2.1. Hráefni <i>Raw fish</i>	111.767	43.950	17.928	17.550	32.339
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	4.231	1.139	439	2.112	541
2.3 Olíur <i>Oil</i>	551	69	6	441	35
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	378	156	63	117	41
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	7.839	3.156	1.440	425	2.818
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	4.013	1.347	571	553	1.541
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	6.603	2.780	634	1.372	1.817
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	8.551	3.051	2.769	818	1.913
3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i>	69.537	31.892	10.828	9.091	17.727
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	34.716	15.127	5.890	2.418	11.282
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	3.312	1.611	569	910	222
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) <i>Share of capital, gross</i>	31.509	15.153	4.369	5.763	6.224
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	14,8	17,3	12,6	17,7	10,6
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	6.457	3.134	596	1.293	1.434
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	25.052	12.019	3.773	4.471	4.789
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	-10.095	-4.063	-2.572	-1.711	-1.750
10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i>	14.957	7.956	1.201	2.759	3.040
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	7,0	9,1	3,5	8,5	5,2
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	8.899	4.328	864	1.741	1.965
12. Hreinn hagnaður <i>Net profit (12.=6.-11.)</i>	22.610	10.824	3.505	4.022	4.258
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	10,6	12,4	10,1	12,4	7,2

SKÝRINGAR *Notes:* Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað upp þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 82% af útflutningi landfrysts botnfisks, 59% af útflutningi botnfisksöltunar, 85% af útflutningi mjölvinnslu og 59% af útflutningi ferskra afurða. sem gerir um 84% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talin með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 82%; Salted fish 59%; fish meal and oil 85%; fresh fish export 59% or 84% of the total. A separate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production.

Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegs 2012–2018

Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2012–2018

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
1. Veltufjármunir <i>Current assets</i>	113.601	104.667	107.147	105.723	118.707	104.865	108.069
1.1 Sjóður og bankainnstæður <i>Cash and bank time deposits</i>	31.933	37.171	28.776	28.880	29.264	32.129	26.035
1.2 Viðskiptakröfur <i>Business claims</i>	46.624	41.200	41.432	38.902	40.556	35.619	44.073
1.3 Birgðir <i>Stocks</i>	31.038	23.785	27.891	33.017	32.271	31.257	30.507
1.4 Aðrir veltufjármunir <i>Other current assets</i>	4.006	2.512	9.048	4.924	16.616	5.860	7.454
2. Fastafjármunir <i>Fixed assets</i>	421.490	425.155	466.844	487.010	502.651	538.795	601.033
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur <i>Investments and long term claims</i>	64.299 ¹	79.675	81.030	78.157	85.169	104.595	120.003
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir <i>Property, plant and equipments</i>	125.578	118.318	137.085	154.803	160.957	172.025	166.016
2.3 Aðrar eignir <i>Other assets</i>	231.613	227.162	248.729	254.050	256.525	262.175	315.015
3. Eignir = Skuldir + Eigið fé <i>Total assets = Total liabilities and equity</i>	535.091	529.822	573.992	592.733	621.358	643.660	709.102
4. Skuldir <i>Debts</i>	428.730	380.480	388.566	371.290	359.370	374.921	412.264
4.1 Skammtímaskuldir <i>Current liabilities</i>	106.075	98.138	129.816	105.657	109.389	85.635	101.790
4.2 Langtímaskuldir <i>Long term liabilities</i>	322.654	282.341	258.750	265.633	249.980	289.286	310.474
5. Eigið fé <i>Equity</i>	106.361	149.342	185.425	221.443	261.989	268.739	296.838
6. Veltufjárhlutfall <i>Current ratio</i>	1,07	1,07	0,83	1,00	1,09	1,22	1,06
7. Eiginfjárhlutfall <i>Equity ratio</i>	19,9	28,2	32,3	37,4	42,2	41,8	41,9

Skýringar Notes: Árið 2006 var samræmt skattframtal rekstraraðila, sem nær yfir flest fyrirtæki í atvinnugreininni, stækkað um 8%. 4% árið 2007 en skattframtalið var óbreytt árin 2008–2018. In 2006 the Enterprise Accounts Register covered nearly 92% of the fishing and fish processing industry, 96% in 2007, but it was mostly unadjusted 2008–2018. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities.

¹ Hér verða tilfærslur upp á rúma 15 milljarða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhluteildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum. Nearly 23 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companys.

Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2018*Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2018*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	41	100	1.593
< 0%	8	4,0	326
0 - 5%	3	2,5	544
5 - 10%	12	20,0	1.088
10 - 15%	1	3,5	2.301
15 - 20%	3	8,7	1.895
20 - 25%	5	28,9	3.773
> 25%	9	32,4	2.353

Skýringar Notes: Deildir sem frystu botnfisk 2018. *Establishments freezing demersal species in 2018.*

Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2018*Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2018*

Verg hlutdeild <i>Share of capital gross</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % <i>Share of sample in turnover, %</i>	Meðalvelta, milljónir króna <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>
Alls Total	26	100	787
< -5%	5	8	328
-5 - 0%	1	1	234
0 - 5%	4	10	491
5 - 10%	4	14	738
10 - 15%	4	40	2050
15 - 20%	3	13	856
20 - 25%	0	0	0
> 25%	5	14	579

Skýringar Notes: Deildir sem söltuðu botnfisk 2018. *Establishments salting demersal species in 2018.*

Tafla 7. Dreifing afkomu 684 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2018

Table 7. Profit distribution in fishing and fish processing of 684 enterprises in the sample 2018

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum <i>Net profit as a percentage of revenue</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number of enterprises</i>	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki <i>Share of sample in turnover (%)</i>	Meðalvelta, millj. kr. <i>Average turnover per establishment, million ISK</i>	Hlutfall tekna af útgerð <i>Share of fishing in total revenue, %</i>	Hlutfall tekna af útgerð frystitogara <i>Share of freezer trawlers in total rev., %</i>	Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum <i>Gross share of capital as a perc. of revenue</i>	Eiginfjár- hlutfall <i>Equity ratio</i>
Alls Total	618	100,0	437	43,6	11,6	17,2	45,4
< -10	166	1,1	17	65,9	0,0	-15,0	18,0
-10– -5	38	0,7	50	49,7	0,0	-0,9	23,2
-5–0	50	2,6	138	20,3	0,0	3,1	41,0
0–5	75	10,8	389	27,7	0,0	6,0	24,0
5–10	69	28,2	1.104	40,0	11,4	12,9	40,7
10–15	57	19,5	926	51,2	17,4	17,6	45,0
15–20	54	13,0	649	51,6	9,9	19,9	56,7
20–25	37	16,0	1.164	38,9	17,0	26,6	56,9
>25	72	8,2	306	58,7	11,4	33,8	45,0

Skýringar Notes: Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfseminni hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.

Tafla 8. Dreifing eiginfjárhlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2017–2018Table 8. *Distribution of equity ratio in all enterprises in the sample 2017–2018*

Eiginfjárhlutfall <i>Equity ratio</i>	Fjöldi eininga í úrtaki <i>Number of establishments in the sample</i>	Eiginfjár- hlutfall (%) <i>Equity ratio (%)</i>	Hlutdeild í eignum (%) <i>Share of total assets (%)</i>	Hlutdeild í tekjum (%) <i>Share of operating revenue (%)</i>
2018				
Alls Total	618	45,4	100,0	100,0
< -100	85	-174,4	0,2	1,3
-75– -100	28	-84,1	0,1	0,2
-50– -75	34	-60,7	0,4	1,1
-25– -50	45	-31,4	0,2	0,4
0– -25	168	14,1	10,1	13,0
0–25	100	40,3	50,9	43,3
25–50	80	59,0	32,8	33,7
50–75	71	93,0	5,2	7,1
>75	7	100,1	0,0	0,0
<0	360	6,3	11,0	15,9
0>	258	50,3	89,0	84,1
2017				
Alls Total	684	44,8	100,0	100,0
< -100	95	-188,2	0,2	1,1
-75– -100	27	-87,1	0,2	0,3
-50– -75	34	-60,7	0,4	0,6
-25– -50	51	-32,2	0,3	0,7
0– -25	170	17,1	11,9	15,4
0–25	106	40,0	50,2	43,7
25–50	101	59,0	31,5	32,5
50–75	93	92,6	5,3	5,7
>75	7	100,1	0,0	0,0
<0	377	9,2	12,9	18,0
0>	307	50,1	87,1	82,0

Skýringar Notes: Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárhlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.*

Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2018Table 9. *Operating accounts of fishing and fish processing 2018*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Fiskveiðar <i>Fishing</i>	Fiskvinnsla <i>Fish processing</i>	Sjávarútvegur alls ¹ <i>Fishing industry¹</i>
1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i>	133.635	213.470	219.962
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	37.315	182.647	219.961
1.2 Seldur afli – Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	90.623	29.553	–
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	5.697	1.271	0
2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i>	60.081	147.246	80.184
2.1. Hráefni <i>Raw material</i>	–	111.767	-15.376
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	–	4.782	4.782
2.3 Olíur <i>Oil</i>	11.417	–	11.417
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.028	378	1.405
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	1.005	7.839	8.843
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	1.542	4.013	5.554
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	9.050	6.603	15.653
2.8 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	4.665	–	4.665
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	31.375	11.864	43.239
3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i>	73.554	66.224	139.778
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	49.548	34.716	84.265
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	–	–	–
6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)			
<i>Share of capital, gross</i>	24.006	31.508	55.514
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	18,0	14,8	25,2
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	6.703	6.457	13.160
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	17.303	25.051	42.354
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	-6.891	-10.095	-16.986
10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i>	10.412	14.956	25.367
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	7,8	7,0	11,5
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	19.675	8.899	28.574
12. Hreinn hagnaður <i>Profit (12.=6.-11.)</i>	4.331	22.609	26.940
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	3,2	10,6	12,2

¹ Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. *Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.*

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2018

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2018

Milljónir króna Million ISK	Samtals ¹ Total Boats less than 10 GRT	Par af: ² Strandveiði- siglingar Costal fishing	Bátar undir 10 brl. Boats less than 10 GRT
1. Tekjur alls Operating revenues	5.292	2.316	2.977
1.1 Seldur afli Catches	–	–	–
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	4.838	2.174	2.664
1.3 Aðrar tekjur Other income	454	142	313
2. Gjöld alls Operating expenses	4.292	1.908	2.383
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	948	369	579
2.2 Önnur laun Other wages	27	–	27
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	185	70	115
2.4 Olíur Oil	276	111	165
2.5 Veidarfæri Fishing gear	131	55	75
2.6 Viðhald Maintenance and repair	466	250	215
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	285	134	151
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	0,6	–	–
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	507	273	235
2.11 Tryggingar Insurance	35	15	20
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	0,8	–	0,8
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	1,6	–	1,6
2.14 Önnur gjöld Other expenses	1.430	632	798
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)	1.000	407	594
Share of capital, gross			
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	18,9	17,6	19,9
4. Afskriftir Depreciation	516	251	266
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	-283	111	-393
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	766	45	721
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	14,5	2,0	24,2
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	1.064	532	532
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	-64	-125	62
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	-1,2	-5,4	2,1

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2018 (frh.)Table 10. *Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2018 (cont.)*

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals ¹ <i>Total</i> <i>Boats less than</i> <i>10 GRT</i>	Þar af: ² <i>Strandveiði-</i> <i>siglingar</i> <i>Costal fishing</i>	Bátar undir 10 brl. <i>Boats less than</i> <i>10 GRT</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>	773	445	328
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	6	5	6
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	7	8	8
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	130	121	142
Meðalsmíðaár <i>Fleet – building year</i>	1991	1988	1994
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna <i>Insurance value, million ISK</i>	8.913	5.131	3.782
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	22,5	9,8	12,7
Ýsa <i>Haddock</i>	16,9	9,1	7,8
Ýsa <i>Haddock</i>	0,9	0,0	0,9
Ufsi <i>Saithe</i>	1,0	0,6	0,4
Karfi <i>Redfish</i>	0,1	0,1	0,0
Annað <i>Other</i>	3,6	0,0	3,6
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>			
Þorskur <i>Cod</i>	4.838	2.182	2.656
Þorskur <i>Cod</i>	3.887	2.121	1.766
Ýsa <i>Haddock</i>	208	7	202
Ufsi <i>Saithe</i>	67	39	28
Karfi <i>Redfish</i>	20	0	20
Annað <i>Other</i>	656	16	640

¹ Hér eru taldar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. *Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included.*

² Rekstraryfirlit 445 strandveiðibáta. *The operating accounts of costal boats.*

Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 bt. og báta>30-200 bt. 2018

Table 12. Operating accounts of boats>10-30 GT and boats>30-200 GT 2018

Milljónir króna Million ISK	Samtals ¹⁾ Bátar >10-200 bt. Total ¹⁾ Boats >10-200 bt.	Bátar >10-30 bt. Boats >10-30 GT	Bátar >30-200 bt. Boats >30-200 GT
1. Tekjur alls Operating revenues	21.499	14.665	6.834
1.1 Seldur afli Catches	112	–	112
1.2 Selt hráefni Fresh fish for processing	20.571	14.089	6.482
1.3 Aðrar tekjur Other income	816	575	240
2. Gjöld alls Operating expenses	18.276	12.613	5.663
2.1 Aflahlutir Fishermen's shares	4.917	4.427	491
2.2 Önnur laun Other wages	1.705	31	1.674
2.3 Launatengd gjöld Labour related costs	1.361	895	465
2.4 Olíur Oil	1.119	361	758
2.5 Veidarfæri Fishing gear	807	652	155
2.6 Viðhald Maintenance and repair	1.008	674	334
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. Packaging and freezing cost	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður Transportation cost	395	330	65
2.9 Laun v/skrifstofu Salaries	101	–	101
2.10 Skrifstofukostnaður Overhead cost, excluding salaries	941	736	205
2.11 Tryggingar Insurance	143	81	62
2.12 Sölu­kostnaður Sales cost	180	147	33
2.13 Löndunarkostnaður Landing cost	979	736	243
2.14 Önnur gjöld Other expenses	4.619	3.542	1.077
3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)	3.223	2.052	1.172
Share of capital, gross			
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	15,0	14,0	17,1
4. Afskriftir Depreciation	872	584	288
5. Vextir og gengismunur Interest and exchange rate adjustments	-2.705	-2.461	-244
6. Hreinn hagnaður (EBT) Profit (6.=3.-4.-5.)	-354	-993	640
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	-1,6	-6,8	9,4
7. Árgreiðsla, 6% Imputed cost of capital, 6%	1.526	798	728
8. Hreinn hagnaður Profit (8.=3.-7.)	1.696	1.254	443
Hlutfall af tekjum Percent of revenue	7,9	8,5	6,5

Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 bt. og báta>30-200 bt. 2018 (frh)

Table 12. Operating accounts of boats>10-30 GT and boats>30-200 GT 2018 (cont.)

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Samtals Bátar >10-200 <i>Total Boats >10-200</i>	Bátar >10-30 bt. <i>Boats >10-30 GT</i>	Bátar >30-200 bt. <i>Boats >30-200 GT</i>
Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i>			
Fjöldi <i>Fleet - number of vessels</i>	248	194	54
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>	65	17	84
Skráð lengd (metrar – meðaltal) <i>Fleet – average length</i>	18	12	19
Vélarstærð (kW) <i>Fleet – average kW</i>	336	259	405
Meðalsmíðarár <i>Fleet – Building year</i>	1999	1997	1989
Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) <i>Insurance value (million ISK)</i>	12.789	6.571	6.218
Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i>	104,0	67,5	36,5
Þorskur <i>Cod</i>	62,4	44,4	18,0
Ýsa <i>Haddock</i>	14,0	9,6	4,4
Ufsi <i>Saithe</i>	1,2	0,5	0,7
Karfi <i>Redfish</i>	0,7	0,3	0,3
Humar <i>Lobster</i>	0,0	–	0,0
Rækja <i>Shrimp</i>	0,6	0,1	0,5
Síld <i>Herring</i>	–	–	–
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	–	–	–
Loðna <i>Capelin</i>	–	–	–
Kolmunni <i>Blue withing</i>	–	–	–
Makrill <i>Mackerel</i>	3,3	3,3	0,0
Annað <i>Other</i>	21,8	9,3	12,5
Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i>	20.683	14.111	6.572
Þorskur <i>Cod</i>	13.702	9.862	3.840
Ýsa <i>Haddock</i>	3.251	2.300	952
Ufsi <i>Saithe</i>	100	196	-97
Karfi <i>Redfish</i>	127	119	8
Humar <i>Lobster</i>	35	–	35
Rækja <i>Shrimp</i>	190	37	153
Síld <i>Herring</i>	-	-	-
Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>	-	-	-
Loðna <i>Capelin</i>	-	-	-
Kolmunni <i>Blue withing</i>	-	-	-
Makrill <i>Mackerel</i>	221	221	-
Annað <i>Other</i>	3.057	1.376	1.681

Hagtíðindi Sjávarútvegur
Statistical Series *Fisheries*

104. árg. • 14. tbl.

ISSN 1670-4770

3. desember 2019

Umsjón *Supervision*

Gyða Þórðardóttir • gyda.thordardottir@hagstofa.is

Aron Leifsson • aron.leifsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.staticice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.